

REGLUGERÐ

**um tæknilega framkvæmdastaðla varðandi málsmeðferðarreglur
sem Fjármálaeftirlitið skal fylgja við samþykki
á umsókn um aðlögun vegna samræmingar.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar um aðlögun vegna samræmingar.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/500 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki eftirlitsyfirvalda á umsókn um aðlögun vegna samræmingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB.

Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 13-17.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 9. tölul. 87. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og öðlast hún þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. október 2019.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Sóley Ragnarsdóttir.